


Norræn samstarfsáætlun um nýsköpun og atvinnumál 2011–2013



Norræn samstarfsáætlun um nýsköpun og atvinnumál 2011–2013

Framtíðarsýn um norrænt samstarf um nýsköpun	6
Samstarfsform og fjármögnun	7
Aðgerðasvið	8
Nýsköpun	10
Frumkvöðlastarf	14
Grænn hagvöxtur	16
Velferðarmál	20

**Norræn samstarfsáætlun um nýsköpun
og atvinnumál 2011–2013**

ANP 2010:789

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2011

ISBN 978-92-893-2176-1

Umbrot: Jette Koefoed

Kápa: ImageSelect og PhotoDisc

Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð eiga aðild að samstarfinu auk sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og hefur mikið vægi í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í sameiningu er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Norræna samstarfið miðar að því að efla hag og gildismat Norðurlanda í hnattvæddum heimi. Sameiginleg gildi styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra landsvæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
Sími (+45) 3396 0200

Norðurlandaráð

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
Sími (+45) 3396 0400

www.norden.org

Formáli

Norrænt samstarf á að stuðla að hagvexti

Norðurlöndin standa frammi fyrir umtalsverðum samfélagslegum úrlausnarefnum á komandi árum. Meðal annars þarf að efla hagvöxt í kjölfar efnahagskreppunnar og takast á við lýðfræðilegar breytingar og loftslagsmál. Í því starfi er ávinningur af norrænu samstarfi.

Norrænu atvinnuáráðherrar vilja koma á nánu norrænu samstarfi þar sem augljóst er að mikill ávinningur er af því að sameina krafta við að leita nýrra lausna á sameiginlegum úrlausnarefnum.

Næstu þrjú árin mun norrænt samstarf á sviði atvinnumála beinast að fjórum þverfaglegum áherslusviðum þ.e. nýsköpun, frumkvöðla-starfsemi, grænum hagvexti og velferðarmálum. Norrænu atvinnuáráðherrar hafa orðið sammála um að hrinda af stað sex kyndilverkefnum sem eiga að skila áþreifanlegum árangri.

Framtíðarsýnin er að Norðurlönd verði forystusvæði í nýsköpun á sviði græns hagvaxtar og velferðarmála.



Brian Mikkelsen

Efnahags- og atvinnuáráðherra

Framtíðarsýn um norrænt samstarf um nýsköpun

Ráðherrar Norðurlanda á sviði atvinnumála og nýsköpunar munu á tímabilinu 2011–2013 sameinast um að leita nýskapandi lausna á þeim miklu áskorunum sem löndin standa frammi fyrir.

Efnahagskreppan og samkeppni við ný hagvaxtarsvæði gera kröfur um hagvöxt með aukinni framleiðni, lægri kostnaði og hæfni til að þróa afurðir og þjónustu sem mikil alþjóðleg eftirspurn er eftir.

Loftslagsbreytingar og aukin eftirspurn eftir nýjum, loftslagsvænum og ódýrum orkugjöfum kalla á samfélagsbreytingar og endurnýjun í orkuframleiðslu, orkusparnað, grænar viðskiptalausnir, vistvænar byggingar og samgöngur.

Lýðfræðilegar breytingar hafa í för með sér að sífellt hærra hlutfall íbúa eru eldri borgarar sem þurfa á þjónustu að halda sem stöðugt lægra hlutfall vinnufærra íbúa fjármagnar. Þetta eykur álag á velferðarkerfið, ekki síst á heilbrigðisgeirann en þar er brýn þörf fyrir nýjar lausnir.

Verkefnalistinn er langur. Alls staðar á Norðurlöndum er vilji til að leita lausna og frekari þróun velferðarríkisins er mikið metnaðarmál.

Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi er lykillinn að lausnum þessara aðkallandi verkefna.

Því vilja norrænu atvinnumálaráðherrarnir koma á nánu norrænu samstarfi á sviðum þar sem augljóst er að mikill ávinningur er af því að sameina krafta og þekkingu á Norðurlöndum þegar leita á nýrra lausna á sameiginlegum úrlausnarefnum.

Norrænt samstarf á sviði frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar á einkum að beinast að grænum hagvexti og velferðarmálum, en þar hafa nýjar lausnir mikið gildi fyrir vöxt og viðgang norrænu velferðarsamfélaganna. Lögð verður áhersla á að afnema stjórnsýsluhindranir og efla viðskipti og markaðsþróun á sviðum græns hagvaxtar og velferðarmála, og tryggja á samræmda innleiðingu og framkvæmd tilskipana Evrópusambandsins svo koma meg í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir.

Áhersla verður á sex svokölluð „kyndilverkefni“, sem eiga að vera fyrirmyndir fyrir norrænt samstarf um nýsköpun. Hvert og eitt Norðurlandanna mun hafa umsjón með að minnsta kosti einu slíku kyndilverkefni. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) mun leggja til skrifstofuaðstoð eftir þörfum. Fulltrúar landanna munu gera grein fyrir kyndilverkefnunum á árlegum ráðherrafundum og skulu verkefnin vera komin í framkvæmd eigi síðar en árið 2013.

Framtíðarsýnin er að Norðurlönd verði forystusvæði í nýsköpun á sviði græns hagvaxtar og velferðarmála

Auk þessara nýju kyndilverkefna eru þegar hafin nokkur norræn samstarfsverkefni á sviði atvinnumála. Má þar nefna hnattvæðingarverkefnið KreaNord, hnattvæðingarverkefni um orku í samgöngum, ásamt hnattvæðingarverkefni um nýsköpun og frumkvöðlastarf á heilbrigðisviði. Þessi verkefni munu halda áfram og leggja sitt af mörkum til að gera framtíðarsýn samstarfsáætlunarinnar að veruleika.

Samstarfsform og fjármögnun

Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER) tekur ákvörðun um og stjórnar samstarfsáætluninni. Embættismannanefnd á sviði atvinnu- og orkumála (EK-NE) samræmir framkvæmd samstarfsáætlunarinnar og fylgir henni eftir ásamt því að undirbúa ráðherra-fundina. Í áætluninni kemur fram hvaða aðgerðir skulu hafa forgang en áætlunin er þó ekki tæmandi.

Þær norrænu stofnanir sem málið varðar, þ.e. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe), Norræna rannsóknarráðið (NordForsk) og Norrænar orkurannsóknir (NEF) ásamt skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, geta ásamt samstarfsaðilum í löndunum tekið þátt í samstarfsáætluninni með því að gera úttektir, vinna verkefni, setja á fót starfshópa og halda ráðstefnur o.s.frv. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) er eitt mikilvægasta tækið sem norrænu atvinnuáráðherrarnir hafa til að hrinda stefnu sinni í framkvæmd.

Norræn fjármögnun aðgerðanna getur t.d. átt sér stað með því verkefnafé sem ráðherranefnd um atvinnu-, orku og byggðamál hefur til ráðstöfunar, með fjármagn sem norrænu stofnanirnar

hafa umsjón með, eða með því að leggja tillögur að verkefnum sem varða norræna hagsmunir í viðum skilningi fyrir samstarfsráðherra Norðurlanda (MR-SAM). Algengt er að fjármagn frá löndunum og mótframlag frá þátttökuaðilum bætist við norræna fjármögnun.

Fjögur samstarfsform hafa reynst sérstaklega öflug í norrænu samstarfi og verður lögð áhersla á þau á tímabilinu 2011–2013:

Sameiginleg þekkingaröflun og stefnumörkun

Sameiginlegar norrænar úttektir, viðmið, mat og starfshópar o.s.frv. geta verið þáttur í öflun þekkingar um áskoranir, hindranir og möguleika og á þann hátt skapað grundvöll fyrir ný stefnumið og nýjar aðgerðir.

Sameiginleg markaðssetning

Á alþjóðlegum vettvangi utan Evrópu getur sameiginleg markaðssetning skilað norrænu löndunum ávinningi. Dæmi um samstarf sem þegar á sér stað er Nordic Green í Bandaríkjunum, www.nordicenergysolutions.org, ásamt verkefnum á vegum KreaNord á borð við Norrænu tölvuleikjaáætlunina, Áætlun

um norrænan tónlistarútflytning (Nordic Music Export Programme), Nýja norræna matargerð og sameiginlega markaðssetningu á vegum Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins.

Sameiginlegar aðgerðir á vettvangi ESB

Norrænt samstarf, t.d. um innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins og afnám stjórnsýslu-hindrana getur létt undir með starfinu í hverju landi fyrir sig og um leið eftir ESB. Einnig er þörf á samstarfi vegna framkvæmdar stefnu ESB í málefnum Eystrasaltsins og þróunar stefnu ESB í nýsköpunarmálum.

Sameiginlegar nýsköpunaráætlanir

Sameiginlegar áætlanir hafa meira vægi og geta skapað krítískan massa. Dæmi um þetta eru áætlanir um loftslagsvænar byggingar og nýsköpun á sviði heilbrigðismála en þar er þverfaglegt samstarf með öðrum ráðherra sviðum mikilvægt.

Aðgerðasvið


Norrænt samstarf um nýsköpun á að einkennast af frumkvöðlastarfi, frumlegri hugsun, hæfileika til að koma auga á ný tækifæri og hrinda hugmyndum í framkvæmd.

Alþjóðleg samkeppni á sviði nýsköpunar fer hratt vaxandi og einungis með atorku og markvissum aðgerðum geta Norðurlönd látið að sér kveða meðal leiðandi svæða heims. Þegar nýskapandi hugsun og atorka fara saman er hægt að vera fyrri til að grípa ný tækifæri og nýta þau alþjóðlega.

Til að tryggja skilvirkni norræns samstarfs í nýsköpun og frumkvöðlastarfi verður áherslu beint að tveimur aðgerðasviðum þar sem Norðurlönd búa yfir sérstökum styrk og hafa augljósa sameiginlega hagsmuni af frekara samstarfi. Þessi tvö aðgerðasvið eru „Grænn hagvöxtur“ og „Velferðarmál“.

Á tímabilinu 2011–2013 munu norrænu atvinnumálaráðherrarnir hafa umsjón með sex kyndilverkefnum sem eiga að stuðla að nýrri

sókn í nýsköpun á Norðurlöndum. Hér á eftir fer kynning á verkefnum með stuttri lýsingu á inntaki þeirra og gerð grein fyrir áfangamarkmiðum fyrir árin 2011, 2012 og 2013 og jafnframt kemur fram hvaða land ber ábyrgð á framkvæmd og framvindu verkefnisins.



Nýsköpun

Nýsköpun er í örri þróun og með nánu samstarfi geta norrænu löndin stutt hvert annað til að ná forystu í því að koma auga á og nýta sér nýjar leiðir til nýsköpunar. Aðgerðir skulu vera öflugar og ganga hratt fyrir sig.

Markmið samstarfsins er að norræn rammaskilyrði fyrir nýsköpun verði meðal þess besta sem þekktist í heiminum, og að við stofnum til skilvirks samspils milli nýsköpunarkerfa landanna. Með samstarfi og miðlun þekkingar, aðferða, mælinga og reynslu af áætlunum getur hvert land fyrir sig hrint í framkvæmd skilvirkum og öflugum aðgerðum til að styrkja nýsköpun og Norðurlönd geta sameinast um aðgerðir í þágu nýsköpunar þar sem augljóst er að það skapar verðmæti.

Undanfarin ár hefur nýsköpunarstarf orðið meira notendamiðað og opnara í eðli sínu en áður var. Enn fremur hefur nýsköpun tengst afþreyingargeiranum, skapandi atvinnugreinum, þjónustustarfsemi og samfélagsábyrgð fyrirtækja. Á þetta hefur m.a. verið lögð áhersla í norrænu samstarfi og atvinnu- málaráðherrarnir munu halda áfram að leggja áherslu á notendastýrða nýsköpun og skapandi greinar.

Nýsköpunarstarf á áherslusviðunum á að byggja á góðri reynslu af norrænu samstarfi á undanföllum árum. Þær aðgerðir sem þegar hefur verið hrint af stað munu halda áfram á tímabilinu 2011–13 og ráðherrarnir munu taka afstöðu til framhaldsins og um hvort nýjum verkefnum á fleiri sviðum verði ýtt úr vör.

Reynsla hefur m. a. skapast á eftirfarandi sviðum:

Notendastýrð nýsköpun

Norðurlönd eiga að viðhalda og þróa enn frekar notendastýrða nýsköpun sem meginhæfni Norðurlanda. Með markvissu starfi þar sem hugað er að þekktum og óþekktum þörfum notandans í þróun afurða og þjónustu, má efla samkeppnishæfni norænna fyrirtækja og opinberra stofnana á alþjóðlegum markaði.

Enn er þörf á að þróa þekkingu um hvernig heppilegast er fyrir fyrirtæki og opinberar stofnanir að fá notandann til þátttöku í nýsköpunarferlinu á kerfisbundinn hátt. Áþreifanleg dæmi um efnahagsleg áhrif notendastýrðrar nýsköpunar eru einnig nauðsynleg.

Atvinnuáráðherrarnir hafa stofnað til rannsóknaráætlunar

um notendastýrða nýsköpun fyrir tímabilið 2010–2011 og er hún liður í hnattvæðingarverkefninu um Norræna rannsókn- og nýsköpunarsvæðið (NORIA). Löndin taka þátt í fjármögnun verkefnisins og ráðherrarnir munu meta hvernig best sé að halda rannsóknaráætluninni áfram.

Nýsköpun í skapandi greinum á Norðurlöndum

Menningartengdar og skapandi greinar búa yfir miklum nýsköpunarkrafti, eru efnahagslega mikilvægar og hafa jákvæð áhrif á önnur fyrirtæki. Afþreying og sjálfsmynd, tengd tilteknum afurðum eða þjónustu, eru í auknum mæli höfuðatriði í verðmætasköpun og samkeppnishæfni.

Til að efla menningartengdar og skapandi greinar hafa norrænu löndin því hrint í framkvæmd aðgerðum heima fyrir og á norrænum vettvangi en árið 2008 var stofnað til norræna hnattvæðingarverkefnisins Krea-Nord. Á tímabilinu 2010–2012 er markmiðið að kynna Norðurlöndin sem forystusvæði á sviði skapandi greina. Framtíðarsýn um starfið er:

Menningartengdar og skapandi greinar eru hvatar hagvaxtar, þær skapa störf og efla nýsköpun á Norðurlöndum. Með norrænu samstarfi má styrkja samkeppnishæfni menningartengdra og skapandi greina, efla stöðu þeirra á alþjóðlegum vettvangi og stuðla að því að kynna möguleika þeirra til verðmætasköpunar í öðrum atvinnugreinum.

Nýjar leiðir til nýsköpunar

Á Norðurlöndum er löng hefð fyrir samræðum og þverfaglegu samstarfi. Þessi hefð getur nýst til að skapa nýstárlegar lausnir, nýsköpun í viðskiptum og nýja vinnuferla. Norræn fyrirtæki hafa því forsendur til að verða leiðandi í þróun nýsköpunarforma þar sem fyrirtækin geta sameinað tækni og kerfisbundna greiningu á þörfum notenda, þar með talið þörf fyrir hönnun og þjónustuhönnun (servicedesign), sköpunarkraft og afþreyingu.

Opin nýsköpun verður sífellt algengara form nýsköpunar, en hún byggir á vitundinni um að stóran hluta þeirrar þekkingar sem fyrirtæki þurfa á að halda í nýsköpunarferli sínu sé að finna utan fyrirtækisins. Því verður fyrirtækið að fá notendur og þekkingar- og rannsóknarumhverfi

utan fyrirtækisins til að taka þátt í nýsköpunarferlinu til að fá aðgang að alþjóðlegu og fjölbreyttu safni þekkingar sem getur átt þátt í að þróa nýjar afurðir, þjónustu, viðskiptalíkön og viðskiptasvið.

Nýsköpun og samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð fyrirtækjanna (CSR) verður einnig æ mikilvægari hvati til nýsköpunar og hagvaxtar. „Corporate Social Innovation“ (einnig nefnd CSR-stýrð nýsköpun eða sjálfbær nýsköpun) getur orðið mikilvægt nýtt viðskiptasvið fyrir fyrirtæki. Með því er átt við að fyrirtækin skapi nýjar afurðir, þjónustu og/eða hugmyndir sem lúta að félagslegum og umhverfislegum tækifærum og áskorunum dagsins í dag, bæði til hagsbóta fyrir fyrirtækið og samfélagið. Þetta getur ýmist verið heima fyrir eða á alþjóðlegum vettvangi, til dæmis til að nýta hagvaxtarmöguleika í þróunarlöndunum (Bottom of the Pyramid/BOP).

Með kynningu og samþættingu samfélagsábyrgðar í stefnumótun má styðja við slíka þróun. Samfélagsábyrgð er þáttur í stefnumörkun (og viðskiptastefnu) þegar fyrirtæki taka tillit til félagslegra og umhverfistengdra þátta í viðskiptastefnu sinni til að skapa verðmæti bæði fyrir fyrirtækið og samfélagið.

Þekking og hæfni

Milljörðum er varið til rannsókna og miklir möguleikar felast í því að nýta einnig þekkinguna sem þannig skapast í atvinnulífinu til að auka verðmæti afurða og þjónustu. Því þarf að greina hvernig bæta megi aðferðir til að miðla rannsóknarniðurstöðum svo þær nýtist í nýsköpun, ekki síst á sviðum „græns hagvaxtar“ og „velferðarmála“.

Norrænu ríkisstjórnirnar hafa á ýmsum vettvangi lagt áherslu á að efla aðgengi fyrirtækja að þekkingu og kunnáttu, hæfni og ráðgjöf. Þó má gera enn betur í að opna norrænu nýsköpunarkerfin svo fyrirtækin fái greiðari aðgang að hæfni innan og utan Norðurlanda. Ein leið til að takast á við þessa áskorun getur verið að efla enn frekar tengslamyndun á sviði þekkingar og nýsköpunar og efla samstarf tengslaneta þvert á landamæri.

Kyndilverkefni um nýsköpun

Norrænn nýsköpunarvettvangur

Við munum koma á fót norrænum vettvangi sem getur sett fram metnaðarfulla og öfluga áætlun um þróun nýsköpunar á sviði græns hagvaxtar og velferðar. Starf Norræna nýsköpunarvettvangsins á að beinast að gagnkvæmri fræðslu, sameiginlegum úttektum og hugmyndum að nýjum brautryðjenda verkefnum, sem hægt verður að leggja fyrir ráðherrana til samþykktar. Tillögurnar geta einnig verið um þróun mælitækja sem nýtast til viðmiðunar og mats á sviði nýsköpunar. Innan Norræna nýsköpunarvettvangsins eiga að vera fulltrúar atvinnulífs, rannsókna, menntunar og hátt settra opinberra stjórnvalda og eiga þeir að gera norrænu atvinnumálaráðherrunum grein fyrir starfinu. Innan tímaramma áætlunarinnar á að stofna Norræna nýsköpunarvettvanginn og semja tillögur að nýjum aðgerðum til að efla nýsköpun á Norðurlöndum. Lagt verður mat á verkefnið eigi síðar en á árinu 2013.

Meðal annars má byggja á tilmælum sem koma fram í Norrænu nýsköpunarvoginni (Nordic Innovation Monitor) og í rannsóknaráætlun um notendastýrða nýsköpun.

- Áfangamarkmið: Norrænn nýsköpunarvettvangur verður settur á fót á árinu 2011, leggja skal úttektir og tillögur að nýsköpun á sviði græns hagvaxtar og velferðar fyrir ráðherrana eigi síðar en á árinu 2012 og verkefnin verða metin á árinu 2013.
- Umsjón: Ísland.

Norræn stefnumörkun um samfélagsábyrgð fyrirtækja

Við munum marka norræna stefnu um samfélagsábyrgð fyrirtækja (CSR-strategi) með áþreifanlegum verkefnum og raunhæfri sýn um samfélagsábyrgð á Norðurlöndum á tímabilinu 2011–2013. Slík stefnumörkun styrkir grundvöll norræns samstarfs á þessu sviði og verður hún fyrst sinnar tegundar á Norðurlöndum. Markmiðið er að

efla ábyrgan hagvöxt á Norðurlöndum og efla orðspor Norðurlanda og samkeppnishæfni í Evrópu og á alþjóðlegum vettvangi. Með CSR er átt við hvernig fyrirtækin takast á við félagslega, siðferðilega og umhverfistengda þætti í þágu ábyrgs hagvaxtar. Viðfangsefni komandi ára verður að tengja saman ábyrgð og hagvöxt vegna fjölda hnattrænna félagslegra, umhverfistengdra og efnahagslegra úrlausnarefna. Þetta er sameiginleg áskorun sem varðar marga.

Aðgerðir geta m.a. byggt á norræna verkefninu um ábyrg samskipti við birgja á árinu 2010.

- Áfangamarkmið: Semja á og samþykkja stefnumörkun á árinu 2011, verkefnin skulu hafin á árinu 2012 og fyrsta framvindumat mun fara fram á árinu 2013.
- Umsjón: Danmörk.



Frumkvöðlastarf

Ef Norðurlönd vilja vera í fararbroddi á sviði nýsköpunar þarf þróun frumkvöðlastarfs að skipa miðlægann sess í norrænu samstarfi.

Frumkvöðlastarf byggist á hæfileikanum til að hugsa á nýjum nótum, koma auga á tækifæri og að breyta hugmyndum í verðmæti. Alls staðar í samfélaginu er þörf á nýjum hugsunarhætti og nýjum aðferðum til að breyta hugmyndum og þekkingu í verðmæti. Þetta á við um fyrirtæki, félagasamtök, menntakerfið og opinbera geirann. Það á ekki síst við meðal barna og ungmenna en hæfileiki þeirra til að hugsa á nýjum nótum og skapa nýstárlegar afurðir og þjónustu mun hafa mikla þýðingu fyrir samkeppnishæfni og velferð á Norðurlöndum í framtíðinni.

Frumkvöðlastarf

Norrænu ríkisstjórnirnar hafa undanfarin ár lagt aukna pólitíska áherslu á frumkvöðlastarf og nú

fer árangur aðgerðanna að koma í ljós. Rammaskilyrði, einkum á sviði löggjafar, markaðsmála og fjármögnunar, eru mjög góð á Norðurlöndum. Norðurlönd þurfa þó að starfa ötullega að því að þróa umgjörð og menningu fyrir frumkvöðlastarf og efla frumkvöðlahæfni.

Á árinu 2010 létu atvinnumálaráðherrarnir gera samanburðarúttekt á rammaskilyrðum fyrir frumkvöðlastarf á Norðurlöndum, Norrænu nýsköpunarvogina (Nordic Entrepreneurship Monitor). Í úttektinni kemur fram að í heild eru rammaskilyrði fyrir frumkvöðlastarf góð. Í samanburði við önnur svæði í heiminum hafa rammaskilyrði á Norðurlöndum farið batnandi, einkum undanfarin fimm ár.

Á Norðurlöndum eru mikilvægustu viðfangsefnin á sviði frumkvöðlahæfni og menningar, þar með talið frumkvöðlamenntun. Frumkvöðlamenntun er eitt þeirra sviða þar sem Norðurlöndin hafa dregist hvað mest aftur úr miðað við þau lönd sem eru í fararbroddi. Þetta kom einnig fram í *Norrænu nýsköpunarvoginni (Nordic Innovation Monitor)* frá árinu 2009.

Sums staðar á Norðurlöndum hefur þegar verið tekið til við að efla frumkvöðlamenntun en áhrifanna er enn ekki farið að gæta á öllum sviðum. Enn er þörf fyrir eflingar og samræmdar aðgerðir á þessu sviði svo menntakerfin á Norðurlöndum örvu í auknum mæli hæfileika nemenda til frumlegrar hugsunar, til að koma auga á tækifæri og breyta hugmyndum í verðmæti.

Á Norðurlöndum eru stofnuð mörg ný fyrirtæki, en það er sérstakt vandamál alls staðar á Norðurlöndum að fá fyrirtækin til að vaxa. Samkvæmt *Norrænu nýsköpunarvoginni* er hlutdeild vaxandi fyrirtækja minni á Norðurlöndum en í þeim löndum sem eru í fararbroddi, eins og Bandaríkjunum og Englandi. Alls staðar á Norðurlöndum er boðið upp á grunnþjónustu og ráðgjöf fyrir ný fyrirtæki en fátítt er að komið hafi verið á fót eiginlegum vaxtaráætlunum til að aðstoða ný fyrirtæki við að hraða vexti þeirra. Þetta bendir því til þess að fyrir hendi séu mikil ónýtt tækifæri sem megi nýta með ýmsum hætti. Það má t.d. gera með markvissu samstarfi milli vaxtaráætlana á Norðurlöndum.

Kyndilverkefni um frumkvöðlastarf

Þekkingarsetur í frumkvöðlafræðum

Við munum stofna norrænt þekkingarsetur í frumkvöðlafræðum þar sem verður lögð áhersla á frumkvöðlafræðslu. Á Norðurlöndum er komin nokkur reynsla af frumkvöðlastarfi sem vekur vaxandi áhuga um allan heim. Norrænt þekkingarsetur í frumkvöðlafræðum hefur að fyrirmynd Kauffman Foundation, sem meðal annars starfar að greiningu á efnahagslegu gildi frumkvöðlafræðis og hvernig megi efla vaxtarmöguleika frumkvöðla. Setrið á að byggja á þeirri reynslu sem aflað hefur verið á Norðurlöndum um hvernig best sé staðið að því að efla menntun í frumkvöðlafræðum. Markmiðið er að læra hver af öðrum og þróa t.d. kennsluáðferðir og námsgögn ásamt því að mæla áhrif og kortleggja aðgerðir. Áhersla setursins á að vera á að:

Auðvelda samstarf milli stofnana sem vinna að menntun í frumkvöðlafræðum Auðvelda samstarf milli vaxtar-áætlana í löndunum ef þess er kostur. Aðgerðirnar geta m.a. byggt á tilmælum sem fram koma í Norrænu frumkvöðlavoginni (Nordic Entrepreneurship Monitor), þar með talið um frumkvöðla-menntun og miðlun þekkingar.

- Áfangamarkmið: Ákvörðun um fjármögnun verður tekin á árinu 2011 og setrinu komið á fót á árinu 2012 en þá á fyrsta úttektin að liggja fyrir. Verkefnið skal metið á árinu 2013.
- Umsjón: Finnland.

Grænn hagvöxtur

Með norrænu samstarfi vilja norrænu ríkisstjórnirnar leggja sitt af mörkum til að efla grænan hagvöxt. Á Norðurlöndum á að vera efnahagskerfi þar sem tekist er á við vandamál sem varða umhverfis- og loftslagsmál með grænum lausnum sem jafnframt skapa störf í grænum hagvaxtargreinum.

Loftslagsbreytingar eru sameiginlegt hnattrænt vandamál sem ekki verður leyst nema lönd heimsins taki höndum saman. Að mati norrænu atvinnuáráðherranna felast því veruleg tækifæri í sameiginlegum norrænum aðgerðum á þessu sviði, þar sem styrkur Norðurlanda verður sýnilegur.

Samfara loftslagsvandinum eykst eftirspurn eftir lausnum í loftslagsmálum. Samkvæmt spá Alþjóða-orkumálastofnunarinnar (IEA) mun orkuþörf, miðað við óbreytta tækni, aukast um meira en 50% fram til ársins 2030. Ef stemma á stigu við loftslagsbreytingum með því að draga úr orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda mun eftirspurn eftir lausnum á loftslagsvandinum aukast. Aukin hnattræn eftirspurn eftir lausnum á loftslagsvandinum mun í fyrsta lagi snúast um lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,

t.d. vindmyllur, orkunýtnar afurðir og ráðgjöf á sviði orkumála. Í öðru lagi er búist við aukinni eftirspurn eftir lausnum sem eru nauðsynlegar til aðlögunar að loftslagsbreytingum eins og t.d. að þróa hentugri byggingarefni, tækni til að draga úr vatnsnotkun og til að stemma stigu við sjúkdómum.

Á Norðurlöndum eru góðar forsendur til að nýta hagvaxtartækifæri á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Við búum yfir þekkingu á sviði umhverfis- og orkutækni og á sviði endurnýjanlegrar orku. Með því að þróa, miðla og nýta norrænar lausnir í loftslagsmálum getum við nýtt hagvaxtartækifæri og um leið átt þátt í að leysa norræn og hnattræn loftslagsvandamál.

Samkeppni um viðskiptalausnir, Nordic Cleantech Open

Á vettvangi Venture Cup er hafin norræn samkeppni um frumkvöðlalausnir í viðskiptum á sviði hreinnar tækni (cleantech). Keppnin er dæmi um samnorrænt frumkvæði að viðtækum aðgerðum til at laða fram góðar hugmyndir, til að hvetja fólk til að gerast frumkvöðlar og til að tryggja þróun grænna hugmynda í viðskiptum. Til að ná upp krítiskum massa

fyrirtækja verður keppnin norræn. Það er m.a. mikilvægt vegna þeirrar þekkingar og þeirra fjölmörgu hugmynda sem er að finna hjá rannsóknarstofnunum og stærri fyrirtækjum en eru ekki nýttar og markaðsettar. Þáttur í samkeppninni um frumkvöðlalausnir getur meðal annars verið að halda vinnustofur um hugmyndaþróun og viðskiptaáætlanir og bjóða má til samstarfs fólki með reynslu úr viðskiptalífnum. Samkeppnin er þróuð af Venture Cup og hefur að fyrirmynd hina þekktu bandarísku keppni Cleantech-open.

Opinber innkaup og löggjöf

Það kann að vera þörf á því að skoða hvernig beita má löggjöf og opinberum innkaupum til að örva nýskapandi og skilvirkar lausnir. Dæmi um þetta er pólitískt samkomulag sem gert var í Danmörku í apríl 2009 um að draga úr orkunotkun í byggingum, en þá var samþykkt að draga skyldi úr orkunotkun í nýjum dönskum byggingum um að lágmarki 25% árið 2010, 50% árið 2015 og 75% árið 2020. Þannig er hægt að beita löggjöf til að auka útbreiðslu loftslagsvænna lausna sem þegar eru til og efla um leið þróun nýrra lausna. Innkaup opinbera geirans á Norðurlöndum nema fleiri

milljörðum króna á ári hverju. Í mörgum löndum Evrópu er byrjað að taka mið af nýsköpunarsjónarmiðum í opinberum innkaupum, en enn er langt í land til að raunveruleg nýsköpunarútboð verði að veruleika. Miklir möguleikar eru þó fyrir hendi.

Grænar viðskiptaáætlanir

Árið 2010 lét Norræna ráðherra-nefndin gera úttekt á útbreiðslu og tækifærum fyrir grænar viðskiptaáætlanir á Norðurlöndum. Samkvæmt úttektinni felast mikil efnahagsleg og umhverfistengd tækifæri í frekari útbreiðslu grænna viðskiptalíkana. Í úttektinni eru meðal annars tekin dæmi um fyrirtæki sem framkvæma orkusparnaðaraðgerðir endurgjaldslaust fyrir önnur fyrirtæki gegn því að fá hlutdeild í sparnaðinum. Að mati sérfræðinga er hægt að spara um 200 milljónir evra á Norðurlöndum, bara á þessu sviði. Þessi efnahagslegu og umhverfistengdu tækifæri endurspeglast í auknum alþjóðlegum áhuga, og bæði OECD, framkvæmdastjórn ESB og US Environmental Agency vinna markvisst að þessum málaflokki. Unnið er að því að miðla þekkingu um græn viðskiptalíkön og auka notkun þeirra á Norðurlöndum.

Sjálfbærni og nýsköpun í byggingariðnaði

Rúmlega 30% af orkunotkun í heiminum er orkunotkun í byggingum. Til að ná hnattrænum markmiðum um að draga úr losun CO2 þarf því að auka orkunýtni bygginga verulega. ESB-löndin settu sér markmið um að á árinu 2009 skyldi orkunotkun allra nýrra byggingar árið 2020 nálgast núll (nearly zero). Því má reikna með að eftirspurn eftir nýskapandi orkulausnum í byggingariðnaði fari vaxandi á næstu árum. Á Norðurlöndum hefur í þó nokkur ár verið lögð áhersla á orkunýtni bygginga, og mörg norræn fyrirtæki hafa þróað raunhæfar lausnir og styrkt með því stöðu sína alþjóðlega. Norðurlönd hafa því einstakar forsendur til að þróa alþjóðlegar lausnir til að tryggja orkuhlutlausar byggingar framtíðarinnar.

Árið 2010 hóf Norræna ráðherra-nefndin hnattvæðingarverkefni um loftslagsvænar byggingar. Settur var á fót starfshópur sem á að kanna möguleikana á að þróa norræna nýsköpunaráætlun. Á grundvelli niðurstaðna hnattvæðingarverkefnisins munu ráðherrarnir stofna til nýsköpunaráætlunar um að styðja samnorræna þróun nýrra lausna um orkunýtnar byggingar



sem flytja má út á hnattrænum grundvelli. Áætlunin á einnig að sýna dæmi um orku- og CO₂-hlutlausar byggingar og byggingar sem framleiða meiri orku en þær nota (plusenergibyggingar).

Sjálfbærar samgöngur

25% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum vegna orkutotkunar koma frá samgöngum og helmingur olíunotkunar heimsins er tengdur samgöngum. Sjálfbærar samgöngur skipta miklu ef draga á úr loftslagsbreytingum, auka afhendingaröryggi og efla grænan hagvöxt.

Því hefur Norræna ráðherranefndin hafið hnattvæðingarverkefni um orku í samgöngum og mun það fjalla um breitt svið tækni og lausna til að efla sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum. Frá sjónarhorni atvinnumála gæti það t.d. falist í að markaðssetja Norðurlöndin sem markaðssvæði fyrir framleiðendur rafbíla og að þróa nýjar grænar viðskiptalausnir. Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER) ber ábyrgð á áætluninni, sem verður framkvæmd á tímabilinu 2010–2012.

Öndvegisrannsóknaverkefnið

Haustið 2008 samþykktu norrænu löndin að hrinda Öndvegisrannsóknaverkefninu (TFI) í framkvæmd. Með 400 milljónum danskra króna til fimm ára er það stærsta norræna rannsókn- og nýsköpunarverkefni sem efnt hefur verið til. Verkefnið leggur áherslu á rannsóknir á sviði loftslags- og orkumála, en þar eiga Norðurlönd sameiginlegra hagsmuna að gæta og þau geta átt þátt í alþjóðlegum lausnum. Verkefnið er framlag til að leysa hnattræn loftslagsvandamál jafnframt því að efla Norðurlönd sem rannsókn- og nýsköpunarsvæði. Með Öndvegisrannsóknaverkefninu á að efla rannsóknir og nýsköpun með þátttöku helstu rannsóknarstofnana. Til að tryggja að niðurstöður rannsókna nýtist sem best er mikil áhersla lögð á samstarf við iðnað og atvinnulíf. Öndvegisrannsóknaverkefnið (TFI) er til fimm ára en það hófst árið 2009.



Kyndilverkefni um grænan hagvöxt

Norræn áætlun um loftslagsvænar byggingar

Við munum efna til norrænnar nýsköpunaráætlunar um orku- og loftslagsvænar byggingar. Um er að ræða metnaðarfullt verkefni sem tengist og byggir á aðgerðum í löndunum og á norrænum vettvangi. Áætlunin gildir fyrir tímabilið 2011–2014 og á að styðja við þróun heildarlausna með það að markmiði að efla byggingariðnað á Norðurlöndum og þróun í þá átt að gera Norðurlönd að forystusvæði á sviði loftslagsvænna lausna í Evrópu.

Aðgerðirnar eiga meðal annars að byggja á norræna hnattvæðingarverkefninu frá árinu 2010, en stýrihópur hefur samið tilmæli um áframhaldandi starf. Stýrihópurinn mælir meðal annars með því að nýsköpunaráætlunin verði byggð upp í einingum.

- Áfangamarkmið: Fjármögnun verður ákveðin á árinu 2011. Sótt verður um norrænt hnattvæðingarfjármagn og um mótframlag frá löndunum til að fjármagna einstakar einingar. Fyrsta einingin verður notuð til að þróa áætlunina og koma henni af stað. Á árunum 2012–2013 verður fjöldi verkefna hrint af stað.
- Umsjón: Danmörk.

Sameiginleg markaðssetning norrænna fyrirtækja sem starfa að nýsköpun

Við munum vinna að samnorrænni markaðssetningu á grænni tækni. Ef lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndum eiga að laða að erlenda fjárfesta er þörf fyrir samnorræna markaðssetningu til að efla tengsl og aðgengi að erlendum fjárfestum.

Aðgerðirnar geta m.a. byggt á reynslu af EXPÓ Sjanghæ 2010, og www.nordicenergysolutions.org.

- Áfangamarkmið: Gerð verður þarfagreining á árinu 2011. Á árinu 2012 verða gerðar áætlanir um tiltekin verkefni og fjármögnun skipulögð. Starfsemin hefst eigi síðar en á árinu 2013.
- Umsjón: Svíþjóð.

Velferðarmál

Opinberi geirinn á Norðurlöndum stendur frammi fyrir miklum áskorunum og þarf að takast á við verkefni á sviði velferðar- og heilbrigðismála. Milljónum er varið til að þróa og endurnýja sjúkrahús á Norðurlöndum og þörf fyrir umönnunarþjónustu vegna hækkandi aldurs íbúanna eykst. Um leið vex álag á opinbera geirann á Norðurlöndum vegna skorts á vinnuafli, aukinna krafna um gæði og vegna eftirspurnar eftir bættri umönnunar- og heilbrigðisþjónustu. Þörf fyrir nýskapandi lausnir er því brýn.

Búist er við að alþjóðleg eftirspurn eftir lausnum á velferðar- og heilbrigðissviði fari vaxandi á komandi árum. Í OECD-löndunum hafa útgjöld til heilbrigðismála hækkað úr 7% vergra þjóðartekna (BNP) á árinu 1980 í 9% á árinu 2006, og er gert ráð fyrir að þessi þróun muni halda áfram á komandi árum. Því er gert ráð fyrir að markaður fyrir heilbrigðisþjónustu verði kominn yfir 20% vergra þjóðartekna á árinu 2050. Auknu álagi á heilbrigðisþjónustu fylgja viðskipta-tækifæri fyrir norræn fyrirtæki.

Samstarf hins opinbera og einkaaðila

Undanfarin ár höfum við séð mörg dæmi um ný samstarfsform, þar sem einkarekin fyrirtæki og opinberar stofnanir starfa saman að því að þróa nýjar lausnir, t.d. á sviði velferðartækni. Styðja má við nýsköpun á heilbrigðissviði, m.a. með auknu samstarfi hins opinbera og einkageirans um nýsköpun og með því að innleiða aðferðir notendastýrðrar nýsköpunar á Norðurlöndum². Með samstarfi opinberra og einkaaðila (OPI) um nýsköpun gefst fyrirtækjum kostur á að tengja nýja tækni og viðskiptaþekkingu sína við þekkingu opinberra starfsmanna og innsýn þeirra, t.d. í þarfir sjúklinga og íbúa dvalarheimila, til að þróa nýjar afurðir og þjónustu. Þessi þróun leggur áherslu á þátttöku fjölbreytts hóps með ólíka þekkingu og hæfni til að þróa nýjar afurðir og þjónustu á sviði velferðar- og heilbrigðismála.

Í auknu samstarfi hins opinbera og einkageirans um markaðsþróun á lausnum á velferðarsviði felast tækifæri, bæði heima fyrir og á

alþjóðlegum vettvangi, og samstarfið getur þannig átt þátt í að efla hagvöxt og skapa ný störf. Það getur jafnframt átt þátt í að endurnýja opinbera geirann og skapa betri vinnustaði.

Margt bendir þó til að að ýmsar hindranir standi í vegi fyrir því að tækifærin sem felast í samstarfi opinbera geirans og einkaaðila um þróun lausna á sviði velferðar- og heilbrigðismála nýtist sem skyldi.

Nýsköpun og frumkvöðlastarf á sviði heilbrigðismála

Á þessum grundvelli hefur Norræna ráðherranefndin hafið hnattvæðingarverkefni um nýsköpun og frumkvöðlastarf á heilbrigðissviði fyrir tímabilið 2010–2012. Markmið verkefnisins er að efla samstarf hins opinbera og einkageirans á sviði heilbrigðis- og umönnunarmála á grundvelli þekkingar um þarfir notandans. Verkefnið á að varpa ljósi á möguleika til að þróa á norrænum vettvangi sameiginlegar aðferðir og góðar fyrirmyndir (best practice) fyrir samstarf opinbera og einkageirans að nýsköpun, hvort þörf sé fyrir

1 Poisal, J.A., et al, „Health Spending Projections Through 2016: Modest Changes Obscure Part D's Impact“. Health Affairs (21 February 2007): W242–253. McKinsey Quarterly: „Health Care Cost: A market based view“ ásamt „Addressing Japans health care cost challenge“.

2 Norræna nýsköpunarmiðstöðin (2009): „Innovation i helseektoren i Norden – En kortlægning af nationale policies og innovationsprogrammer“.

Kyndilverkefni um heilbrigðismál

sameiginlega norræna nýsköpunaráætlun á sviði heilbrigðismála og um leið að tryggja að þær afurðir og þjónusta sem þróaðar verða skapi raunverulega möguleika í atvinnumálum.

Verkefnið er á ábyrgð atvinnu- málaráðherranna og þeir munu á árinu 2010 láta kortleggja hver reynslan sé af því að fá ný og lítil fyrirtæki til að þróa nýskapandi lausnir fyrir opinbera umönnunar- og heilbrigðisgeirann í norrænu löndunum fimm. Á grundvelli kortlagningarinnar taka ráðherrarnir ákvörðun um hvernig samnorrænar aðgerðir verði skipulagðar á sem skilvirkastan hátt.

Hnattvæðingarverkefnið er unnið í samráði við norrænu ráðherrana á sviði félags- og heilbrigðismála (MR-S) og aðrar ráðherranefndir sem málið varðar.

Nýsköpun í opinberum innkaupum og löggjöf

Við munum starfa saman að nýsköpun í opinberum útboðum. Ef Norðurlönd eiga að nýta sér tækifærin í opinberum útboðum og löggjöf til að efla nýskapandi og skilvirkar lausnir, þarf að efla aðgerðir. Það verður gert með samstarfi á norrænum vettvangi um nýsköpun í opinberum útboðum og sameiginlegum skilningi á gildandi löggjöf. Möguleikarnir geta hugsanlega nýst í tilraunaverkefnum um opinber innkaup. Gera þarf þarfa- og bakgrunns- greiningar og markmiðið er að setja á fót tvö tilraunaverkefni að lágmarki í hverju landi, í síðasta lagi árið 2012. Greiningarnar eiga meðal annars að skapa sameiginlegan skilning á ESB-löggjöfinni á þessu sviði. Í samstarfinu skal leggja áherslu á:

Velferðarmál með áherslu á að nýta möguleikana í opinberum innkaupum á heilbrigðissviði.

Aðgerðirnar geta meðal annars byggt á norræna hnattvæðingarverkefninu um nýsköpun og frumkvöðlastarf á heilbrigðissviði og norræna verkefninu um markvissa samvinnu opinberra- og einkaaðila (Strategisk brug af offentlig-privat samarbejde) frá 2010.

- Áfangamarkmið: Greining á árinu 2011. Tvö tilraunaverkefni í hverju landi á árinu 2012. Úttekt á verkefninu á árinu 2013
- Ábyrgð: Noregur







norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

Norræn samstarfsáætlun um nýsköpun og atvinnumál 2011–2013

Í samstarfsáætluninni er gerð grein fyrir framtíðarsýn í norrænu samstarfi á sviði nýsköpunar og atvinnumála á tímabilinu 2011–2013. Atvinnumálaráðherrarnir samþykktu áætlunina þann 25. október 2010. Í henni er lögð áhersla á nýsköpun, frumkvöðlastarf, grænan hagvöxt og velferð.

ANP 2010:789
ISBN 978-92-893-2176-1